



## Hreppsnefnd 30.11.06

Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 30. nóv. 2006  
kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Anna Pála Víglundsdóttir, Ólafur Ármannsson, Eyjólfur Sigurðsson, Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Einar Víglundsson.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 2. nóv. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 2. nóv. sl.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð fræðslunefndar frá 14. nóv. sl.

Lögð fram fundargerð fræðslunefndar frá 14. nóv. sl. Gerð var grein fyrir undirbúningi vegna 100 ára afmælis Vopnafjarðarskóla. Jafnframt var greint frá því að auglýst hefur verið eftir leikskólastjóra á leikskólann Brekkubæ eins og fræðslunefnd leggur til að verði gert. Umsókanarfrestur er til föstudagsins 08. des. n. k. Nokkur umræða fór fram um fundargerðina sem að öðru leyti var lögð fram til kynningar.

3. mál. Fundargerð ferlinefndar frá 8. nóv. sl.

Lögð fram fundargerð ferlinefndar frá 8. nóv. sl. Jafnframt lagður fram og kynntur uppdráttur að hugmyndum fyrir aðgengi fatlaðra í miðbænum.

4. mál. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 17. nóv. sl.

Lögð fram fundargerð húsnæðisnefndar frá 17. nóv. sl.  
Lögð fram til kynningar.

5. mál. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2006 – Fyrri umræða -

Sveitarstjóri lagði fram tillögu að breytingum v/ endurskoðunar fjárhagsáætlunar ársins 2006. Gerði hann grein fyrir helstu breytingum sem fram koma í tillögunni. Lagði hann síðan til að tillögunni yrði vísað til endanlegrar afgreiðslu á næsta fundi hreppsnefndar.

Að lokinni yfirreið sveitarstjóra fór fram allmikil umræða um rekstur sveitarfélagsins á árinu með hliðsjón af fjárhagsáætlun. Hreppsnefnd samþykkti síðan fyrirbyggjandi tillögu um að taka endurskoðun fjárhagsáætlunar til endanlegrar afgreiðslu á næsta fundi hreppsnefndar.

Oddviti gerði síðan grein fyrir vinnu, sem framundan er við fjárhagsáætlun ársins 2007. Áætlað er að leggja hana fram til fyrri umræðu í desember. Milli umræðna verði unnið að endanlegri gerð áætlunarinnar með svipuðu sniði og gert var á síðastliðnu ári þar sem hreppsnefnd öll kemur að vinnunni. Miðað er við að síðari umræða fari fram í janúar n. k. Almenn ánægja var meðal fulltrúa um þetta fyrirkomulag og þess vænst að vinnan verði bæði virkari og ánægjulegri fyrir bragðið.

6. mál Álagningarprósenta útsvars árið 2007. –Tillaga -

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu, en útsvarsprósentu næsta árs skal ákveða skv. sveitarstjórnarlögum eigi síðar en 30. nóv. og tilkynna til tekjudeildar fjármálaráðuneytisins eigi síðar

en 15. des. n. k.

Lagði hann síðan fram svofelld tillögu:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að álagt útsvar tekjuárið 2007 verði 13.03% af útsvarsstofni”.

Tillagan gerir ráð fyrir að útsvarsálagning á Vopnafirði verði sú sama og í fyrra, sem er hámarksálagning. Heimilt er að hafa hana að lágmarki 11,24 %.

Oddviti lagði síðan til að fyrirbyggjandi tillaga yrði samþykkt.

Fyrirbyggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

7. mál. Bréf Fasteigna og skipasölnunnar dags. 08. nóv. sl., þar sem tilkynnt er um sölu nokkurra jarða í Vopnafirði.

Lagt fram til kynningar.

8. mál. Undirritað samkomulag um brunavarnir dags. 03. nóv. sl.

Lagt fram undirritað samkomulag milli sveitarfélaganna Vopnafjarðarhrepps, Fljótshéraðs, Borgarfjarðarhrepps, Fljótshrepps og Djúpavogshrepps dags. 3. nóv. sl.

Gerð nánari grein fyrir málinu og fór nokkur umræða fram um samkomulagið, almenn ánægja með niðurstöðuna.

9. mál. Bréf Hofs- og Vopnafjarðarsókna, dags. 07. nóv. sl., varðandi organistamál.

Oddviti gerði nánari grein fyrir málinu, sem komið hefur inn á fund hreppsnefndar áður. Fram fór allmikil umræða um stöðu mála og í ljósi hennar var samþykkt samhljóða að vísa málinu til afgreiðslu á næsta fundi hreppsnefndar.

10. mál Ýmis bréf og fundargerðir:

a) Bréf Framkvæmdasjóðs fatlaðra, dags. 13. nóv. sl., vegna úhlutunar 2007.

b) Fundargerð Skólanefndar Austurlands frá 23. nóv. sl.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.40